



Minnisblað - sameining nefnda

Lagt er til að sameina fræðslunefnd og íþrótt- og tómstundaneftnd sem myndi fá nafnið skóla- og tómstundaneftnd, sem er í samræmi við heitið á sviðinu.

Meginmarkmið með sameiningunni er að styrkja málaflokka fræðslumála, íþrótt- og tómstundamála með samlegð í innviðum og stjórnsýslu.

Málaflokkar nefndanna samtvinnast að einhverju leyti og heyra þeir báðir undir skóla- og tómstundasvið. Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs situr alla fundi nefndanna og sér um að rita fundi íþrótt- og tómstundaneftndar. Með sameiningu nefndanna yrði fundað örar um öll mál skóla- og tómstundasviðs og því yrði afgreiðsla mála hraðari og skilvirkari. Jafnframt myndu starfsmennirnir tveir á skólaskrifstofunni nýtast betur.

Fræðslunefnd og íþrótt- og tómstundaneftnd eru með fasta fundartíma 2 sinnum í mánuð hvor en ítrekað falla fundir niður þar sem engin mál bíða afgreiðslu, sérstaklega hjá íþrótt- og tómstundaneftnd. Það sem af er árs 2023 hefur fræðslunefnd fundað 11 sinnum og málafjöldi er um 3-9 á fundi en árið á undan fundaði nefndin 14 sinnum, með álíkan málafjölda. Íþrótt- og tómstundaneftnd hefur á árinu 2023 fundað 9 sinnum og hefur málafjöldi verið 1-7 á fundi. Árið 2022 fundaði nefndin einnig 9 sinnum með svipaðan málafjölda.

Lagt er til af bæjarstjóra og sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs að sameina fræðslunefnd og íþrótt- og tómstundaneftnd og myndi ný nefnd heita skóla- og tómstundaneftnd.